

Umhverfisáhrif jarðhitanytingar - Staða verkefnisins hjá Hitaveitu Suðurnesja

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-94-10

29. september, 1994

hk

UMHVERFISÁHRIF JARÐHITANÝTINGAR -Staða verkefnisins hjá Hitaveitu Suðurnesja

Gasmælingastöð var sett upp í lok júlí og gengur rekstur hennar vel. Starfsmenn orkuversins sjá um að skipta um fílera einu sinni á dag og senda þá vikulega til Orkustofnunar, sem sendir svo nýja fílera til baka einu sinni í viku. Enn vantar veðurstöð í Svartsengi, sem er bagalegt við túlkun gagnanna.

Fyrstu niðurstöður mælinga sýna að spönnin í styrk H_2S er 0,2-12,9 ug/m³ og fyrir SO_2 er styrkdreifing 0,4-1,9 ug/m³.

Í fjarkönnunarverkefni hefur verið unnið að undirbúningi og endurbótum á hitaskanna. Gerðar hafa verið fjölmargar endurbætur á hitaskanna í þeim tilgangi að gera hann meðfærilegri, öruggari í notkun og nákvæmari. Mælisviðið hefur verið aukið úr 8 í 12 bita, sem þýðir að unnt er að mæla 4000 í stað 256 gilda áður og því fer tækið ekki í mettun þótt hitastig sé mjög hátt. Í öðru lagi mælir skanninn nú reglulega hitastigið á sjálfum sér, þannig að samhliða hitastigsmælingar á tilraunasvæðinu eru ekki lengur nauðsynlegar og auk þess verður unnt að leiðrétta fyrir rek í mælingum. Í þriðja lagi er nú mældur nákvæmlega snúningshraði skannans, sem gerir unnt að leiðrétta frekar geometriska bjögun en áður var. Í fjórða lagi er nú unnt að stilla skannhorn skannans og þrengja það niður í 50 °, en var áður nær 100 °. Þetta eykur upplausn og minnkar rúmfræðilega bjögun. Skanninn er nú einnig fyrirferðaminni og öruggari í notkun. Mælingar á jarðhitasvæðunum verða gerðar um mánaðarmótin september-október.

Staurar með prófunarplötum voru tilbúnir í júní, en uppsetning hefur tafist.

Í ársbyrjun var unnið nokkuð að gagnasöfnun í gaslosunarverkefninu, en vinna við það hefur legið niðri í sumar vegna anna viðkomandi starfsmanna við önnur forgangsverkefni. Vonir standa til að unnt verði að vinna þetta verk af krafti í haust.

Verið er að vinna að uppsetningu fastra stöðva til gasmælinga í andrúmslofti á Korpu og Írafossi í samvinnu við Veðurstofuna.

Farið var í Kverkfjöll í ágúst og á Þeystareyki í lok september til að kanna breytingar og taka sýni úr gufuaugum.

Hrefna Kristmannsdóttir